Grenivíkurskóli

Skólaskýrsla

Skólaárið
2016-2017

Efnisyfirlit

Kafli	Bls.
1. Stefna skólans	2
2. Mannauður og skóladagatal	3
3. Nám og kennsla	4
3.1 Samræmd próf	5
3.2 Samstarf við foreldra/forráðamenn	6
3.3 Þróunarverkefni	7
4. Úr skólalífinu	8
5. Símenntun	10
6. Sjálfsmat og ný námskrá	10
Lokaorð	11

Viðaukar

Nemendaskrá 2016-2017

Skóladagatal 2016-2017

1. Stefna skólans – Hugur, hönd og heimabyggð.

Starfsfólk Grenivíkurskóla leggur áherslu á eftirtalin atriði:

- Vel skipulagt og öruggt vinnuumhverfi.
- Vel skilgreind og skýr námsmarkmið.
- Góða daglega stjórnun.
- Framfarir í námi hvers nemanda.
- Góðar aðstæður til náms og starfa.
- Virkt eftirlit með námi nemenda.
- Gott samstarf heimila og skóla.

Leitast skal við að haga skólastarfinu í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Áhersla er lögð á að nýta námstímann vel og að allir nýti hæfileika sína til fulls. Skólaheitið okkar er: *"Ég kem í skólann til að læra og gera mitt besta".*

Stefna skólans felur m.a. í sér að skólinn vinni markvisst að því:

- Að búa nemendum hlýlegt, heilsusamlegt og þroskavænlegt námsumhverfi.
- Að efla sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd nemenda, örva sjálfstæða hugsun og temja þeim ábyrgð á eigin athöfnum og viðfangsefnum.
- Að vekja athygli nemenda á þeim möguleikum sem heimabyggð þeirra hefur upp á að bjóða varðandi búsetu og atvinnu.
- Að efla félagsþroska nemenda meðal annars með því að þeir taki þátt í að móta eigið starfsumhverfi, félags- og menningarlíf.
- Að fræða nemendur og gera þá færa um að afla sér þekkingar og leikni og að temja sér hagkvæm vinnubrögð.
- Að allir nemendur finni tilgang með því að vera í skólanum.
- Að auka umhverfismennt nemenda með verkefnum tengd endurvinnslu og náttúruvernd.
- Að stuðla að hollu mataræði og aukinni hreyfingu meðal barna, unglinga og fjölskyldna þeirra.

2. Mannauður og skóladagar

Haustið 2016 var 48 nemandi[1] í Grenivíkurskóla. Um vorið voru eftir 46 nemendur þar sem Matthildur Þóra fór í Brekkuskóla og Embla Lind fór til Svíþjóðar. Námshópar voru fjórir.

Bekkur/hópur	Umsjónarkennari	Fjöldi nemenda
1. – 2. bekkur	Guðrún Árnadóttir	1. bekkur: 7 2. bekkur: 5 **Samtals: 12**
3. – 5. bekkur	Inga María Sigurbjörnsd.	3. bekkur: 7 4. bekkur: 2 5. bekkur: 6 **Samtals: 15**
6. - 8. bekkur	Hólmfríður Björnsdóttir	6. bekkur: 4 7. bekkur: 3 8. bekkur: 3 **Samtals: 10**
9. – 10. bekkur	Oddný Jóhannsdóttir	9. bekkur: 5 10. bekkur: 6 **Samtals: 11**

Kennarastundir voru 196 í viku. Þar af voru 15 ætlaðar til stuðningskennslu og 3 til kennslu í íslensku fyrir tvítyngda nemendur. Stöðugildi kennara við skólann voru um 7,5. María Gunnarsdóttir frá Tónlistarskóla Eyjafjarðar sá um tónmennt, 2 kennslustundir á viku hjá 1.-5. bekk.

Kennarar/leiðbeinendur:

1. Anna Ragnheiður Jónsdóttir ⇨ 100% starf, fagstjóri stuðningskennslu.
2. Ásta F. Flosadóttir ⇨ 100% starf; 30,77 kennsla og 69,23% skólastjórnun.
3. Edda Björnsdóttir ⇨ 61,54% starf.
4. Guðrún Árnadóttir ⇨ 100% starf.
5. Hákon Fannar Ellertsson ⇨ 100% starf.
6. Heiða Björk Pétursdóttir ⇨ 65,38% starf. Fór í fæðingarorlof 1.feb.
7. Hólmfríður Björnsdóttir ⇨ 100% starf.
8. Inga M. Sigurbjörnsdóttir ⇨ 100% starf.
9. Margrét Ösp Stefánsdóttir ⇨ í leyfi. Sagði starfi sínu lausu í apríl.
10. Oddný Jóhannsdóttir ⇨ 84,62% starf.
11. Sigríður Sverrisdóttir ⇨ 47,37% starf.
12. Þorgeir Rúnar Finnsson ⇨ í fæðingarorlofi. Sagði starfi sínu lausu í apríl.

[1] Sjá viðauka 1 – listi yfir nemendur Grenivíkurskóla.

Skólaliðar og liðveisla:

1. Sandra Mjöll Tómasdóttir ⇨Skólaliði 2 – 68,56% starf. Hætti störfum 1.mars.
2. Ólína Helga Friðbjarnardóttir ⇨ Skólaliði 2 – 69,45% starf.
3. Brynhildur Jóna Helgadóttir ⇨ Matráður 3 var í fæðingarorlofi í vetur.
4. Kristín Sigurðardóttir ⇨ Matráður 3 – 43,43% starf.
5. Heiða Björk Pétursdóttir ⇨ Skólaliði 2 – 20% starf við skólavistun.

Staða skólaliða var auglýst en engin fékkst í það starf frá 1.mars. Brynhildur Jóna Helgadóttir hefur verið ráðin í starf skólaliða frá og með haustinu 2017. Kristín B. Sigurðardóttir hefur verið ráðin sem matráður næsta vetur. Heiða Björk fór í veikindaleyfi frá skólavistun 1.janúar og var Auður Adda Halldórsdóttir ráðin í hennar stað. Auður Adda hefur verið ráðin í skólavistun næsta vetur.

Aðrir sem starfa í skólanum eru Ingvar Þór Ingvarsson, umsjónarmaður fasteigna og Sesselja Bjarnadóttir hjúkrunarfræðingur. Þá er Anna Bára Bergvinsdóttir skólabílstjóri.

Skóladagar voru 180 á skólaárinu.[2]

Nemendaráð

Nemendur á unglingastigi kusu nemendaráð sem stóð fyrir ýmsum uppákomum og stjórnaði félagslífi nemenda í vetur. Í nemendaráði voru: *Anna Kristín Þórðardóttir formaður, Björn Rúnar Þórðarson gjaldkeri, Jón Þorri Hermannsson ritari, Klara Sjöfn Gísladóttir og Friðrik Ingi Eyfjörð meðstjórnendur.*

3. Nám og kennsla

Nemendur í 1. – 2. bekk fengu 30 kennslustundir á viku, nemendur í 3. – 10. bekk fengu 35 kennslustundir á viku. Hver kennslustund er 40 mínútur. Nemendur á unglingastigi voru í sk. utanskólavali þessu til viðbótar, sem samsvarar 2 kennslustundum á viku. Nemendur á unglingastigi hafa 2 – 4 tíma í frjálsu vali á viku. Þau völdu ýmist *skólahreysti, listir* eða *áhugasvið* og 9. – 10. bekkur valdi sér sk. *heimanámstíma*, en það eru tímar þar sem unnið er að heimanámi undir handleiðslu kennara.

Skólaárinu er skipt í þrjár annir. Nemendur fengu afhent formlegt námsmat á skólaslitunum í júní. Námsmatið byggir að miklu leyti á leiðsagnarmati og símati, það

[2] Sjá viðauka 2 – skóladagatal 2015 – 2016.

er verið að meta nemendur allt árið. Þeir taka stuttar kannanir, próf, skila verkefnum, vinna verkefni í tíma, samvinnuverkefni og fleira. Allt þetta er metið til einkunna. Foreldraviðtöl og leiðsagnarmatsviðtöl voru tekin í upphafi skólaárs, í nóvember og í mars.

3.1 Samræmd próf

Fjórði og sjöundi bekkur

Fimmtudaginn 22. september 2016 var samræmt próf í **íslensku** fyrir 7. bekk. Fimmtudaginn 29. september fór 4.bekkur í samræmt próf í íslensku. Aðeins einn nemandi tók prófin í 4.bekk og því ekki hægt að birta niðurstöður 4.bekkjar Grenivíkurskóla. Meðaltöl skóla eru birt á normaldreifðum einkunnakvarða (0-60) þar sem meðaltalið er 30 og staðalfrávikið 10.

Niðurstöðurnar voru eftirfarandi (meðaltal):

	Grenivíkurskóli	**Norðurland eystra**	**Landið**
4. bekkur	--	29,24	30
7. bekkur	37,33	29,93	30

Föstudaginn 23. september 2016 var samræmt próf í **stærðfræði** fyrir 7. bekk. Föstudaginn 30. september fór 4.bekkur í samræmt próf í stærðfræði. Aðeins einn nemandi tók prófin í 4.bekk og því ekki hægt að birta niðurstöður 4.bekkjar Grenivíkurskóla. Meðaltöl skóla eru birt á normaldreifðum einkunnakvarða (0-60) þar sem meðaltalið er 30 og staðalfrávikið 10.

Niðurstöðurnar voru eftirfarandi (meðaltal):

	Grenivíkurskóli	**Norðurland eystra**	**Landið**
4. bekkur	--	29,10	30
7. bekkur	42,33	28,53	30

9. og 10. bekkur

Dagana 7.-9. mars fóru nemendur í 9. og 10. bekk í samræmd próf í íslensku, ensku og stærðfræði. Gefnar eru svokallaðar hæfnieinkunnir (A, B, C og D) í öllum

námsgreinunum. Meðaltöl skóla eru birt á normaldreifðum einkunnakvarða (0-60) þar sem meðaltalið er 30 og staðalfrávikið 10.

9. bekkur	Grenivíkurskóli	Norðurland eystra	Landið
Íslenska	30,25	28,72	30
Stærðfræði	36,25	29,43	30
Enska	19,00	27,31	30

10. bekkur	Grenivíkurskóli	Norðurland eystra	Landið
Íslenska	38,00	29,43	30
Stærðfræði	38,80	29,60	30
Enska	38,00	28,65	30

Um samræmd próf

Íslenska: Niðurstöður prófa í 7., 9. og 10. bekk eru flest vel yfir landsmeðaltali og einnig langt yfir meðaltali Norðurlands eystra.

Stærðfræði: Niðurstöður prófa í 7., 9. og 10 bekk eru langt yfir landsmeðaltali og einnig langt yfir meðaltali Norðurlands eystra.

Enska: Niðurstöður prófa í 9.bekk eru slakar en niðurstöður í 10. bekk eru langt yfir landsmeðaltali.

Farið var yfir niðurstöður samræmdra prófa með forráðamönnum nemenda og fagkennurum og umsjónarkennurum. Einn nemandi í 4.bekk tók ekki próf þar sem hann var á leið í skóla erlendis og einn nemandi í 10.bekk tók ekki próf vegna veikinda.

3.2 Samstarf við foreldra/forráðamenn

Samstarf við foreldra og forráðamenn hefur gengið mjög vel. Þó foreldrar eigi greiðan aðgang að skólanum og séu alltaf velkomnir þá nýta þeir sér það lítið. Samskipti gegnum síma, fésbók og tölvupóst eru ráðandi og starfsfólk skólans hefur þannig verið í góðu sambandi við heimilin. Öll heimili nemenda eru nettengd og hafa aðgang að tölvupósti. Langflestir foreldrar eru tengdir fésbókinni og eru inni á lokuðum hóp Grenivíkurskóla þar sem fréttum, myndum og tilkynningum er deilt. Allir kennarar eru

með fasta viðtalstíma en þeir eru lítið nýttir. Þá heldur skólinn úti virkri heimasíðu þar sem nálgast má allar upplýsingar um skólann og skólastarfið ásamt fréttum og myndum.

Foreldraviðtöl með nemendum - leiðsagnarmat: Fimmtudaginn 25.ágúst, mánudaginn 7. nóvember og mánudaginn 13. mars mættu nemendur í viðtal til umsjónarkennara ásamt forráðamönnum. Þar var farið yfir stöðuna í náminu og ýmislegt annað tengt samskiptum og framkomu.

Jólaföndur: Fimmtudaginn 8. desember var jólaföndur með foreldrum.

Bekkjarkvöld: Umsjónarkennarar og nemendur 1.-10. bekkjar heldu bekkjarkvöld bæði að hausti og vori og í annað skiptið var foreldrum boðið að koma og taka þátt. Þessar samverur voru mjög skemmtilegar og gagnlegar og eru orðnar fastir liðir í skólastarfinu.

3.3 Þróunarverkefni

Grænfáninn

Vorið 2007 flaggaði Grenivíkurskóli Grænfánanum en hann er alþjóðleg viðurkenning á því að skólinn stendur sig vel í umhverfismálum. Vorið 2009 fengum við Grænfánann aftur og þann 13. október 2011 fengum við fánann í þriðja sinn. Nýr fáni var svo afhentur haustið 2013. Í vetur hefur verið lögð áhersla á að halda áfram á sömu braut, þ.e. flokka rusl, endurnýta pappír, ganga vel um náttúruna o.s.frv. Við héldum áfram við moltugerð og settum moltu í kartöflugarðinn og á tré í nágrenni skólans. Nemendur sjá um að setja í moltutunnuna ásamt matráði, umsjónarkennurum og heimilisfræðikennurum, en starfsmenn hreppsins hafa aðstoðað okkur við tæminguna. Í vetur hafa nemendur og starfsfólk skólans einnig haldið áfram að sauma innkaupatöskur sem gefa á öllum heimilum í Grýtubakkahreppi með það að markmiði að draga úr notkun plastpoka í hreppnum. Stefnt er að því að ljúka verkinu á næsta skólaári og afhenda þá töskur á þau heimili sem eftir eru. Vorið 2016 fékk Grenivíkurskóli Grænfánann afhentan í fimmta sinn við hátíðlega athöfn.

Teymi kennara sá um að halda utan um Grænfánaverkefnið í vetur.

Útiskólinn

Á þessu skólaári hafa nemendur í 1. – 7. bekk verið í útiskóla einu sinni í viku, tvær kennslustundir í senn. Námsgreinar á borð við samfélagsfræði, náttúrufræði, stærðfræði, heimilisfræði, listgreinar og lífsleikni voru samþættar í verkefnum útiskólans. Nemendur lærðu m.a. um útieldun, þeir voru í þrautaleikjum og fóru í ýmsar

vettvangsferðir í fyrirtæki, stofnanir og sveitabæi í Grýtubakkahreppi. Aðstaða útiskólans í Lundsskógi og Hólareit er ágæt en þó er þörf á að laga þar ýmsa hluti svo hægt sé að nýta aðstöðuna enn betur.

Kennarar höfðu umsjón með útiskólanum og unnu saman að því að skipuleggja hann. Skólaárið 2017 – 2018 verður haldið áfram með þetta verkefni.

Olweusaráætlunin gegn einelti

Haustið 2010 hóf Grenivíkurskóli innleiðingarferli Olweusaráætlunarinnar gegn einelti. Í vetur hefur nokkuð verið fjallað um einelti í samveru og í gæðahring. Nemendur tóku könnun í nóvember þar sem staðan í skólanum var greind og í janúar voru niðurstöðurnar kynntar fyrir foreldrum. Þá var haldinn sérstakur dagur gegn einelti á haustönn. Heiða Björk Pétursdóttir er verkefnastjóri Olweusarverkefnisins.

Byrjendalæsi

Haustið 2011 hófu Grenivíkurskóli og Valsárskóli í sameiningu að innleiða Byrjendalæsi í skólunum. Skólaþróunarsvið HA stýrði verkefninu, sem miðar að meiri fjölbreytni í kennsluaðferðum lestrarkennslu. Þróunarverkefnið tók tvö ár og tekur til íslenskukennslu á yngsta stigi. Tveir kennarar unnu eftir byrjendalæsi í vetur, Guðrún Árnadóttir og Inga María Sigurbjörnsdóttir. Stefnt er að því að halda áfram að kenna í anda Byrjendalæsis á yngsta stigi næsta vetur.

4. Úr skólalífinu

Skólasetning og skólaslit: Grenivíkurskóli var settur með formlegum hætti miðvikudaginn 24. ágúst 2016. Skólanum var slitið með formlegum hætti fimmtudaginn 1. júní 2017. Þá fengu nemendur afhent námsmat skólaársins.

Útivistardagar: 26. og 29. ágúst voru útivistardagar. Farið var í stuttar fjallgöngur og Norræna skólahlaupið tekið með trompi.

Skólabúðir: Annað hvort ár förum við í skólabúðir á Reykjum með tvo bekki. Farið var í fyrra og því voru engar skólabúðir hjá okkur í vetur.

Samvera á Svæði: Í fyrsta tíma eftir hádegi á mánudögum eru samverustundir á Svæði. Ýmislegt var gert á þessum samverustundum í vetur, rætt um málefni sem snerta nemendur, lesið, farið yfir þær óskráðu reglur sem gilda manna á milli, æft fyrir vorskemmtun, verkefni nemenda kynnt, sungið og ýmislegt fleira.

Litlu jólin: Litlu jól nemenda og starfsmanna voru föstudaginn 16. desember. Kl. 17 hófst jólastund í heimastofum nemenda. Jólasveinarnir kíktu í heimsókn og færðu nemendum pakka, kort og mandarínur. Síðan var farið á neðri hæð skólans þar sem dansað var í kringum jólatréð, farið í leiki og fleira áður en allir fóru heim í jólafrí.

Forsetaheimsókn: Þann 16. febrúar kom forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, í heimsókn í skólann. Hann skoðaði skólann og ræddi við nemendur. Nemendur og kennarar undirbjuggu heimsóknina af kostgæfni og var þetta hin skemmtilegasta dagstund.

Vorskemmtun: Miðvikudaginn 29. mars og fimmtudaginn 30. mars voru sýningar á vorskemmtun Grenivíkurskóla. Í ár var sameiginleg sýning á „Kardimommubænum".

Stóra upplestrarkeppnin: Nemendur 7. bekkjar tóku þátt í þessu verkefni sem byrjar á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember. Uppskeruhátíðin þeirra var á neðri hæð skólans í lok febrúar. Júlía Rós Viðarsdóttir og Pétur Þór Arnþórsson voru valin sem fulltrúar skólans á lokahátíðina sem fram fór í Valsárskóla 27. febrúar. Þar stóðu þau sig með mikilli prýði, Júlía sigraði í keppninni og Pétur varð í öðru sæti.

Skák: Mikið var teflt í skólanum í vetur og haldið var skákmót innan skólans. Fjórir nemendur telfdu í árlegri keppni gegn Dalvíkurskóla í apríl og höfðu sigur.

Danstímar: Jóhanna Elín danskennari kom til okkar í haust og kenndi dans. Að venju var endað á danssýningu sem tókst vel og var vel sótt af aðstandendum nemenda.

Samskólasamstarf: Nemendur í 8.-10. bekk samskólanna komu til Grenivíkur á samskóladag 31. mars. Þar var boðið upp á fyrirlestur frá Siggu Dögg kynfræðingi, ýmsar smiðjur, kvöldvöku og gistu nemendur í skólanum. Nemendur í 5.-7. bekk fóru á samskóladag í Stórutjarnaskóla sem tókst vel. Tvö samskólaböll voru haldin og var annað þeirra í boði Þingeyjarskóla sem bauð samskólunum í heimsókn.

Íþróttadagur: Haldinn var íþróttadagur fyrir nemendur 5. – 7. bekkjar samskólanna í Valsárskóla í október.

Þemavika: 29.-31. maí voru útivistardagar. Veðrið var ágætt og gleðin ríkjandi. Farið var í fuglasafnið í Mývatnssveit og í sund á Laugum. Nemendur plöntuðu trjám og settu niður grænmeti og kartöflur, fóru í fjallgöngur og í sund þessa daga.

Annað: Veturinn var einstaklega veðursæll og snjóléttur. Því kom það ekki fyrir að skóla væri aflýst vegna veðurs. Skólastarfið var í hefðbundnum skorðum þótt margt hafi vissulega verið gert til að brjóta upp starfið og má þar nefna Runólf (kveðjuhátíð 10. bekkinga), leiksýningar, heimsóknir ýmissa gesta og margt fleira. Lesa má um það flest á heimasíðu skólans.

5. Símenntun

Það er jafnt á ábyrgð starfsmanns og skólastjóra að bæta fagþekkingu og aðra sérþekkingu sem nauðsynleg er í starfi. Símenntun kennara skal vera í samræmi við starfsþróunaráætlun skólans og þær áherslur sem eru á hverjum tíma í umbótastarfi skóla. Skólastjóri getur ákveðið að einstakir kennarar eða kennarahópar sæki skilgreinda fræðslu. Tími til starfsþróunar markast af samningsbundnum 150 (126/102) klst. á ári til símenntunar og undirbúnings kennara.

Þennan texta er að finna í kjarasamningi KÍ. Í Grenivíkurskóla hefur verið mörkuð sú stefna að hafa endurmenntun kennara markvissa og með þeim hætti að hún skili sem mestum árangri fyrir hópinn og skólasamfélagið í heild. Skipta má starfsþróun kennara í tvo meginþætti: Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þættir sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi.

Símenntun fer að mestu fram á starfstíma skólans. Af þeirri endurmenntun sem allir kennarar skólans sóttu í vetur má nefna námskrárvinnu, kynningu á Office 365, fyrirlestur frá Hjalta Jónssyni sálfræðingi og annar slíkur hjá Laufeyju Hrólfsdóttur næringarfræðingi. Þá komu skólastjóri og verkefnastjóri úr Dalvíkurskóla til okkar á vordögum og kynntu uppbyggingarstefnuna fyrir kennurum. Töluvert lesefni þurftu kennarar að fara í gegnum til að undirbúa sig fyrir þessa heimsókn. Á starfsdegi eftir páskaleyfi kom Ingibjörg Þórðardóttir til okkar og fjallaði um ofbeldi og vanrækslu gegn börnum. Farin var góð ferð í skólaheimsóknir í Öldutúnsskóla og Sandgerðisskóla sl. haust og fengum við höfðninglegar móttökur. Þá hittust kennarar samskólanna á samskóladegi síðastliðið haust og kennarar sóttu einnig haustþing BKNE sem fram fór í október. Allnokkir kennara sóttu námskeið um kvíða sem haldið var í haust og einnig sóttu nokkrir kennarar nokkur námskeið um lestur. Þessu öllu til viðbótar sinntu kennarar símenntun sem tengist þeirra kennslugreinum, t.a.m. með lestri fræðigreina o.s.frv. a

Kennarar skrá niður símenntun og halda utan um þessa skráningu í sérstakri símenntunarmöppu á sameign kennara. Á vorin skila þeir svo af sér til skólastjóra.

6. Sjálfsmat og ný námskrá

Vinna við gerð nýrrar skólanámskrár sem byggir á nýrri Aðalnámskrá grunnskóla hélt áfram í vetur og er skólanámskráin langt komin. Þó á eftir að púsla hlutum saman og

koma í birtingarhæft form Stefnt er að því að nýja námskráin verði í formi handbókar skólans sem, ásamt heimasíðu skólans, nær yfir öll þau viðfangsefni sem skólanámskrá og starfsáætlun eiga að fjalla um.

Því til viðbótar hefur ýmis konar sjálfsmatsvinna farið fram. Niðurstöður Olweusarkönnunarinnar voru einnig reifaðar sem og útkoma samræmdra prófa. Þá hafa niðurstöður ýmissa skimana, GRP14, lestrar- og lesskilningsprófa og fleira verið yfirfarnar og ræddar.

Vinna við læsisstefnu skólans stóð yfir í vetur og mun gera áfram. Verið er að leita allra leiða til að efla lestraráhuga nemenda og hafa ýmis verkefni gengið ágætlega á því sviði.

Grenivíkurskóli hefur í vetur unnið að umbótum í kjölfar ytra mats Menntamálaráðuneytisins. Umbótaáætlun var skilað til ráðuneytisins í desember og nú í júní verður skilað stöðumati til ráðuneytisins. Heilt yfir voru niðurstöður ytra matsins jákvæðar fyrir skólann og var sérstaklega eftir því tekið hvað samskipti kennara og nemenda voru afslöppuð og jákvæð.

Lokaorð

Skólaárið 2016-2017 var fjölbreytt, annasamt, skemmtilegt og lærdómsríkt. Skólabragur er góður og í skólanum ríkir einstaklega góður andi, bæði meðal nemenda og starfsfólks. Starfsmannahópurinn er samheldinn og öflugur og vinnur ötullega að því að í skólanum líði nemendum vel og að þar finni þeir fyrir öryggi. Þessi atriði eru grundvöllur þess að nemendur nái árangri í námi. Nemendahópurinn er líflegur og samheldinn, duglegur og vinnusamur. Eldri nemendur sýna ríka ábyrgðartilfinningu gagnvart yngri nemendum og sérstaklega var það áberandi í vetur hvað nemendur í elsta hópnum tóku mikinn þátt í félagslegu uppeldi yngstu nemendanna. Í ferðum á vegum skólans hafa nemendur verið til fyrirmyndar og sér og skólanum til sóma. Samskipti nemenda hafa á heildina litið verið góð þótt reglulega komi upp vandamál í samskiptum sem þarf að taka á. Í vetur hefur tekist vel til að vinda ofan of slíkum málum með góðri samvinnu heimila og skóla og samræðu nemenda, kennara og skólastjóra.

Ásta F. Flosadóttir
Skólastjóri

Viðauki 1 – nemendaskrá

Nemendur Grenivíkurskóla 1. september 2016

10. bekkur	Kennitala	Heimilisfang	Sími	6
Anna Kristín Þórðardóttir	190201-3330	Höfðagata 8	463 3212	
Björn Rúnar Þórðarson	050101-3470	Stórasvæði 3	463 3201	
Ingólfur Birnir Þórarinsson	290901-3080	Grund	463 3263	
Kristján Bjarki Gautason	290901-3240	Túngata 12	463 3120	
Víkingur Leó Sigurbjörnsson	090101-3660	Réttarholt	463 3172	
Þorsteinn Ágúst Jónsson	140601-2840	Ægissíða 22	463 3174	

9. bekkur	Kennitala	Heimilisfang	Sími	5
Auður Gunnarsdóttir	220802-2560	Kolgerði	566 8365	
Jón Þorri Hermannsson	150202-3450	Lækjarvellir 8	463 3284	
Klara Sjöfn Gísladóttir	070803-3480	Melgata 5	463 3248	
Matthildur Þóra M. Bolladóttir	101002-2090	Laufás	463 3106	
Rebekka Sól Jóhannsdóttir	210402-2760	Höfðagata 2b	463 3323	

8. bekkur	Kennitala	Heimilisfang	Sími	3
Friðrik Ingi Eyfj. Þorsteinsson	070803-3720	Túngata 15	463 3232	
Gunnar Berg Stefánsson	020503-3350	Höfðag. 12/Ægiss. 21	463 3306/463 3312	
Karol Brynja Hreinsdóttir	050903-2570	Lækjarvellir 11	463 3291	

7. bekkur	Kennitala	Heimilisfang	Sími	3
Elín Þóra Hermannsdóttir	120704-4270	Lækjarvellir 6	463 3222	
Júlía Rós Viðarsdóttir	311204-2890	Ægissíða 34	463 3180	
Pétur Þór Arnþórsson	030504-2910	Ægissíða 13	463 3116	

6. bekkur	Kennitala	Heimilisfang	Sími	4
Karen Fatima Róbertsdóttir	050505-3670	Túngata 9a	463 3301	
Sigríður Edda Ingólfsdóttir	100605-3170	Lækjarvellir 10	463 3292	
Sigurlaug Anna Sveinsdóttir	231205-3060	Ásholl	463 3220	
Vésteinn Kári Gautason	140205-3890	Túngata 12	463 3120	

5. bekkur	Kennitala	Heimilisfang	Sími	6
Bjarni Ben Stefánsson	191106-3690	Höfðag. 12/Ægiss. 21	463 3306/463 3312	
Elmar Ingi Gunnþórsson	230506-3290	Höfðagata 9	463 3313	
Hrafnkell Máni Gautason	150906-3340	Túngata 12	463 3120	
Jasmín Ýr Stefánsdóttir	310706-2130	Ægissíða 7	847 6980	
Ólína Helga Sigþórsdóttir	200806-3010	Ægissíða 27	463 3364	
Sigurður Einar Þorkelsson	080806-4260	Höfði I	463 3264	

4. bekkur	Kennitala	Heimilisfang	Sími	2
Embla Lind Ragnarsdóttir	150307-3680	Hléskógar	462 4878	
Kristín Andrea Hinriksdóttir	161107-3440	Lækjarvellir 4	534 7381	

3. bekkur	Kennitala	Heimilisfang	Sími	7
Birgir Húni Haraldsson	110808-3990	Túngötu 21	463 3289	
Gabríel Örn Stefánsson	090408-3480	Ægissíða 7	847 6980	
Inga Sóley Jónsdóttir	061008-3490	Ægissíða 22	463 3174	
Jóhann Kári Birgisson	220708-3810	Miðgarðar 8	463 3134	
Olgeir Máni Brynjarsson	230408-3430	Ægissíða 29	466 2144	
Sigurlaug Birna Sigurðardóttir	160708-4090	Ægissíða 32	463 3224	
Tómas Rafn Harðarson	030708-3420	Höfðagata 2b	463 3323	

2. bekkur	Kennitala	Heimilisfang	Sími	5
Anita Ingvarsdóttir	030509-3150	Lækjarvellir 12	463 3262	
Bríet Kolbrún Hinriksdóttir	080509-3080	Lækjarvellir 4	534 7381	
Jón Barði Sigurbjörnsson	100209-3810	Túngata 28	463 3320	
Linda Rakel Harðardóttir	270909-2560	Túngata 24	699 0732	
Móeiður Alma Gísladóttir	260609-3350	Melgata 5	463 3248	

1. bekkur	Kennitala	Heimilisfang	Sími	7
Haraldur Helgi Hjaltason	1605102180	Miðgarðar 14	4671137	
Kristjana Elín Sigþórsdóttir	2805102380	Ægissíða 27	4633364	
Selma Lind Björnsdóttir	0101102970	Lækjarvellir 14	5710374	
Sigurður Arnfjörð Brynjarsson	0303102920	Ægissíða 29	4662144	
Smári Signar Viðarsson	2906102220	Ægissíða 34	4633180	
Svavar Orri Gunnþórsson	1807102560	Höfðagata 9	4633313	
Tryggvi Hrafn Haraldsson	2707103870	Túngata 21	4633289	

48

Viðauki 2 – skóladagatal

Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóladagatal 2016 - 2017

Nafn skóla: Grenivíkurskóli

	ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ	
1	M Frídagur verslunarmanna	1 F		1 L		1 Þ		1 F Fullveldisdagurinn		1 S Nýársdagur		1 M		1 M Öskudagur		1 L		1 M Verkalýðsdagurinn		1 F Starfsdagur/skólaslit		
2	Þ	2 F		2 S		2 M		2 F Lærdómsdagur		2 M		2 F		2 F		2 S Dagur barnabókarinnar		2 Þ		2 F Starfsdagur		
3	M	3 L		3 M		3 F		3 L		3 Þ Starfsdagur		3 F Dagur starfsfræðinnar		3 F		3 M		3 M		3 L		
4	F	4 S		4 Þ		4 F Starfsdagur		4 S		4 M		4 L		4 L		4 Þ		4 F		4 S Hvítasunnud.-Sjómannad.		
5	F	5 M		5 M S.-7. b. fjr. Vísindaskóli		5 L		5 M		5 F		5 S		5 S		5 M Vorskólinn		5 F		5 M Annar í hvítasunnu		
6	L	6 Þ		6 F		6 S		6 Þ		6 L		6 M Dagur læsisáráns		6 M		6 F Vorskólinn		6 L		6 Þ		
7	S	7 M		7 F		7 M Foreldraviðtöl		7 M		7 M		7 Þ		7 Þ Samræmt próf í ísl. - 9.-10. b.		7 F		7 S		7 M		
8	M	8 F Dagur læsis		8 L		8 Þ Dagur gegn einelti		8 F Jólafríið kl. 17		8 S		8 M		8 M Samræmt próf í ens. - 9.-10. b.		8 L		8 M		8 F		
9	Þ	9 F		9 S		9 M		9 F		9 M		9 F		9 F Samræmt próf í stæ. - 9.-10. b.		9 S Flamasunnudagur		9 Þ		9 F		
10	M	10 L		10 M Bekkjarkvöld		10 F		10 L		10 Þ		10 F		10 F Starfsdagur		10 M		10 M		10 L		
11	F	11 S		11 Þ Bekkjarkvöld		11 F		11 S		11 M		11 L		11 L		11 Þ		11 F		11 S		
12	F Skólaþing um náms/mat	12 M		12 M Bekkjarkvöld		12 L		12 M		12 F		12 S		12 S		12 M		12 F		12 M		
13	L	13 Þ		13 F Bekkjarkvöld		13 S		13 Þ		13 F		13 M		13 M Foreldraviðtöl		13 F Skírdagur		13 L		13 Þ		
14	S	14 M		14 F		14 M		14 M Kyndiganga		14 L		14 Þ		14 Þ		14 F Föstudagurinn langi		14 S		14 M		
15	M	15 F		15 L		15 Þ		15 F		15 S		15 M		15 M		15 L		15 M		15 F		
16	Þ	16 F Starfsdagur - BKNE-þing		16 S		16 M Dagur íslenskrar tungu		16 F Litla jól		16 M		16 F Samræ. 5.-7. b. Stórut.		16 F		16 S Páskadagur		16 Þ		16 F		
17	M Starfsdagur	17 L		17 M Bleikur dagur		17 F		17 L		17 Þ		17 F		17 F		17 M Annar í Páskum		17 M		17 L Lýðveldisdagurinn		
18	F Starfsdagur	18 S		18 Þ		18 F		18 S		18 M		18 L		18 L		18 Þ Starfsdagur		18 F		18 S		
19	F Starfsdagur	19 M		19 M		19 L		19 M		19 F		19 S Konudagur		19 S		19 M		19 F		19 M		
20	L	20 Þ		20 F		20 S		20 Þ		20 F Bóndadagur		20 M Bekkjarkvöld		20 M		20 F Sumardagurinn fyrsti		20 L		20 Þ		
21	S	21 M		21 F		21 M		21 M		21 L		21 Þ Bekkjarkvöld		21 Þ		21 F		21 S		21 M		
22	M Samskóladagur á Þelamörk	22 F Samræmt próf í ísl - 7. b.		22 L		22 Þ		22 F		22 S		22 M Bekkjarkvöld		22 M		22 L		22 M		22 F		
23	Þ Starfsdagur	23 F Samræmt próf í stæ 7. b.		23 S		23 M		23 F Þorrablótmessa		23 M		23 F Bekkjarkvöld		23 F		23 S		23 Þ		23 F		
24	M Starfsd./Skólasetning	24 L		24 M		24 F		24 L Aðventugaddur hóa		24 Þ		24 F		24 F		24 M		24 M		24 L		
25	F Foreldraviðtöl	25 S		25 Þ		25 F		25 S Jólaball		25 M		25 L		25 L		25 Þ Blár dagur		25 F Uppstigningardagur		25 S		
26	F Útivistardagur	26 M Evrópski tungumáladagurinn		26 M		26 L		26 M Annar í Jólum		26 F		26 S		26 S		26 M		26 F		26 M		
27	L	27 Þ		27 F		27 S		27 Þ		27 F		27 M Bóndadagur		27 M		27 F		27 L		27 Þ		
28	S	28 M		28 F		28 M		28 M		28 L		28 Þ Öskudagur		28 Þ		28 F Samskólar á Eyjafjarðarsvæði		28 S		28 M		
29	M Útivistardagur	29 F Samræmt próf í ísl - 4. b.		29 L		29 Þ		29 F		29 S				29 M		29 L		29 M Útivistardagur		29 F		
30	Þ	30 F Samræmt próf í stæ 4. b.		30 S		30 M		30 F		30 M				30 F		30 S		30 Þ Útivistardagur		30 F		
31	M			31 M				31 L Gamlársdagur		31 Þ				31 F				31 M Útivistardagur				
	6	21		21		21		14		20		20		21		14		21		1		

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní.
Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum.
Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

180